

2000050051
7617; 9310

Djúpavogshreppur
Ólafur Ragnarsson, sveitarstjóri
Bakki 1
765 Djúpivogur

Reykjavík, 7. júlí 2000
/--

Efni: Hafnargerð í Innri Gleðivík, Djúpavogi

Vísað er til bréfs Djúpavogshrepps, dags. 31. maí 2000, þar sem kynnt er tillaga að matsáætlun skv. lögum nr. 106/2000 vegna ofangreindrar framkvæmdar.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið áætlunina og leitað umsagnar Náttúruverndar ríkisins um hana.

Skipulagsstofnun fellst á matsáætlunina með eftirfarandi ábendingum um atriði sem gera þarf skil í matsskýrslu.

1. Skýrt þarf að koma fram hver er framkvæmdaraðili.
2. Fjalla þarf um umhverfisáhrif grjótnáms úr Vindásnámu í landi Hamars.
3. Óskað verði álits Náttúrustofu Auturlands á því hvort þörf sé á vöktun lífríkis í sjó að framkvæmd lokinni og þá hvernig bæri að standa að henni.
4. Gerð verði yfirlitsmynd er sýnir allt framkvæmdasvæðið í Gleðivík og öll fyrirhuguð mannvirki framkvæmdarinnar. Bent er á að nota loftmynd 4 sem grunn og þarf að koma fram mælikvarði á henni sem og öllum öðrum myndum og kortum.
5. Æskilegt er að fjallað verði um fjárhagslegan ávinning af framkvæmdinni, áhrif hennar á ferðaþjónustu og þörf fyrir opinbera þjónustu, veitukerfi og raforkuþörf. Telja verður ólíklegt, ef framkvæmdinni er ætlað að auka umsvif bræðslunnar til muna og jafnvel umferð og þjónustu ferðamanna, að fullyrða megi án umfjöllunar, að hún leiði ekki til aukinnar þarfar á hverskyns opinberri þjónustu og raforku.

Þóroddur F Þóroddsson

Afrit: Siglingastofnun

Fylgiskjal: Umsögn Náttúruverndar ríkisins, dags. 23. júní 2000.